

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/813**  
**komudagur 10.2.2006**



Nefndasviðs Alþingis  
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

9.2.  
Reykjavík, 18. jan. 2006

**Umsögn um: frumvarp til laga um réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjógungun). Þskj. 374-340. mál.**

Í ofangreindu frumvarpi eru lagðar til ýmsar lagabreytingar sem hafa það að markmiði að afnema mismunun sem fyrirfinnst í lögum varðandi réttarstöðu samkynhneigðra. Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna þeirri viðleitni að afnema slíka mismunun, en vilja áréttta að í réttindabaráttu hvers konar má ekki ganga á réttindi barnsins.

Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu er meðal annars þessar:

- Að heimild samkynhneigðra para til að ættleiða börn verði sú sama og gagnkynhneigðra para, sbr. 16. gr. frv.
- Að kona í óvígðri sambúð eða staðfestri samvist með annari konu muni öðlast heimild til að gangast undir tæknifrjógungun líkt og á við um gagnkynhneigð pör, sbr. 17.-21. gr. frv.

Vegna þessara breytinga vilja Barnaheill – Save the Children á Íslandi koma eftirfarandi á framfæri:

Samtökunum þykir skorta mjög á alla umræðu um réttindi barnsins sem sjálfstæðs einstaklings. Samtökin telja að hagsmunir barnsins vegi þyngra en réttur einstaklings til að eignast barn og því þurfi að ræða þau réttindi í víðara samhengi en gert hefur verið.


Barnaheill benda á að í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992 skuldbinda aðildarríki sig til þess að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, samtökin leggja jafnframt áherslu á þann mikilvæga rétt barns til að þekkja faðerni sitt og að sá réttur er undirstrikaður í barnalögum nr. 76/2003. Með vísan í þetta tvennt vilja samtökin leggja áherslu á mikilvægi þess að barn eigi rétt á að fá að vita um uppruna sinn og að staðfesta þurfi að barn skuli eiga líffræðilega foreldra af báðum kynjum.

Á Íslandi hafa gagnkynhneigð pör möguleika á aðstoð lækna til tæknifrjógungunar með gjafasæði. Í frumvarpinu er lagt til að lesbískum pörum verði veittur sami réttur. Hér á Íslandi er sæðið sótt til Danmerkur þar sem nafnleynd ríkir um sæðisgjafa og það þýðir að börn, sem verða til á þennan hátt, geta ekki komist að faðerni sínu. Í Svíþjóð, þar sem lesbískum pörum var á síðasta ári heimilað að gangast undir tæknifrjógungun, er nafnlaus sæðisgjöf ekki heimil. Í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar eru ekki lagðar til neinar breytingar á lögunum um tæknifrjógungun hvað varðar rétt sæðisgjafar til nafnleyndar. Þessari nafnleynd eru Barnaheill- Save the Children á Íslandi á móti, hvort sem um er að ræða samkynhneigð pör eða gagnkynhneigð pör. Samtökin telja mikilvægt að barn eigi

möguleika síðar meir á að komast að því hver kynfaðirinn er jafnvel þótt ekki sé um neitt réttarsamband þeirra á milli að ræða. Mikilvægt er að þessi réttur barnsins til að þekkja uppruna sinn sé varðveittur hvort sem hann er nýttur eða ekki. Á þessi réttur þá líka við þegar um ættleiðingu er að ræða og þá varðar það bæði líffræðilega móður og föður.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vilja benda á að það þarf meiri tíma fyrir þessa umræðu í samfélaginu og í þeirri umræðu þurfi að leggja meiri áherslu á réttindi barnsins, skyldur okkar gagnvart þeim, hvernig tryggja megi rétt barnanna í þessu samhengi, rétt þeirra til að geta fengið að vita um uppruna sinn og að eiga líffræðilega foreldra af báðum kynjum. Sú umræða hefur einfaldlega ekki átt sér stað. Samtökin telja að ekki sé rétt að fjalla um sjálfstæðan rétt einstaklings til að eignast börn án þess að réttindi barnanna sjálfra verði leiðandi í umræðunni.

Virðingarfyllst,



Guðbjörg Björnsdóttir,  
formaður Barnaheilla